

Fimmtudaginn 3. október 1996.

Nr. 1/1996.

Páll Friðriksson

(Einar Gautur Steingrímsson hdl.)

gegn

Málurum sf.

(Garðar Briem hdl.)

Verksamningur. Aðild. Skuldskeyting. Vextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 2. janúar 1996 og krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda, en til vara lækunar á kröfunum, og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem í héraðsdómi greinir, gerðu aðilar máls þessa með sér samning um sandspörtlun og málun lofta og veggja í fjöleignarhúsinu Eiðismýri 22-28, Seltjarnarnesi. Enda þótt stefndi hafi stílað reikninga fyrir vinnu sína á Byggingariðjuna hf. og fengið þá lengst af greidda þaðan, hefur áfrýjandi ekki sýnt fram á, að skuldskeyting hafi verið gerð með samþykki stefnda eða að aðilaskipti að kröfu stefnda hafi orðið að öðru leyti. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um greiðsluskyldu áfrýjanda.

Samkvæmt gögnum málsins var höfuðstóll kröfu stefnda 314.226 krónur í árslok 1992. Bú Byggingariðjunnar hf. var tekið til gjaldþrotaskipta í maí 1993. Stefndi beindi fyrst kröfum sínum að áfrýjanda með bréfi 1. júní 1994. Samkvæmt 3. mgr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 eru eigi forsendur til að reikna dráttarvexti af kröfunni fyrr en frá 1. júlí 1994.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Páll Friðriksson, greiði stefnda, Málurum sf., 314.226 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 1. júlí 1994 til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda samtals 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 2. október 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. september sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Málurum sf., kt. 510374-0109, Urðarstekk 4, Reykjavík, á hendur Páli Friðrikssyni, kt. 160530-3409, Depluhólum 10, Reykjavík, með stefnu, birtri 13. desember 1994.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda „7.203.148 kr. auk dráttarvaxta [...]“. Stefnandi krefst málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda eru að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Að sögn stefnanda eru tildrög máls þessa þau, að stefndi óskaði eftir tilboði stefnanda um að inna af hendi málningarvinnu að Eiðismýri 22-28, Seltjarnarnesi, og hafi stefnandi gert tilboð í verkið, sem stefndi hafi tekið 4. október 1991. Þá segir, að stefnandi hafi sent reikninga sína fyrir verkið Byggingariðjunni hf. að beiðni stefnda, „en það félag átti að sjá um greiðslu á reikningum fyrir stefnda“. Stefnandi kveðst að fullu hafa staðið við samningsskyldur sínar. Aftur á móti hafi stefndi ekki fengist til að greiða eins og um var samið fyrir verkið.

Stefnandi kveður reikninga hafa reglulega verið gefna út eftir því, sem verkinu hafi miðað áfram, og vísar í því sambandi til viðskiptayfirlits, er hann lagði fram sem dskj. nr. 4. Hann kveðst miða við, að stefnda beri að greiða umrædda skuld á grundvelli verksamnings aðila, eins og almennar reglur kröfuréttar um skuldbindingargildi loforða og efnidir fjárskuldbindinga mæli fyrir um. Hann vísar til laga um lausafjárkaup. Kröfu um dráttarvexti kveðst hann styðja ákvæðum III. kafla laga nr. 25/1987, en kröfu um málskostnað við ákv. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að hann sé ekki aðili að málinu. Hann hafi samþykkt verðlagningu stefnanda á væntanlegu verki hans að Eiðismýri 22-28 óskuldbindandi fyrir sig persónulega, en fyrir hönd Byggingariðjunnar hf., og hafi forsvarsmanni stefnanda, Lauri Henttinen, verið

það ljóst, enda þótt stefnandi – gegn betri vitund og þar eð Byggingariðjan hf. sé gjaldþrota – telji stefnda nú persónulega bundinn.

Stefndi vísar til þess, að á reikningum stefnanda fyrir verkið komi nafn Byggingariðjunnar hf. sem kaupanda, og hafi því félagið verið sá aðili, sem skuldbundinn var til að greiða stefnanda, en ekki stefndi, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, 4. gr. reglug. nr. 50/1993 um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila og 4. gr. reglugerðar nr. 417/1982 um bókhald . . . svo og til ÍST 30.

Stefndi og Lauri Henttinen málarameistari komu fyrir dóm og gáfu aðilaskýrslur.

Lauri kvað ekkert hafa verið minnst á, að Byggingariðjan hf. væri verkkaupi, er stefndi samþykkti tilboð stefnanda um að vinna málningavinnu að Eiðismýri 22–28, enda hafi ekki staðið til, að stefnandi gerði félaginu tilboð. Hann kvaðst að beiðni stefnda hafa sent Byggingariðjunni hf. reikninga vegna verksins til greiðslu, en vildi ekki á neinn hátt viðurkenna að hafa bundist félaginu, en ekki stefnda, um greiðslur fyrir verk stefnanda að Eiðismýri 22–28.

Stefndi kvaðst hafa sagt Lauri Henttinen, þegar tilboðið var undirritað, að Byggingariðjan hf. væri verkkaupi og samningsaðili stefnanda, auk þess sem það hefði verið á málgað síðar. Hann kvaðst sjálfur ekki hafa verið krafinn um greiðslu vegna samningsins fyrr en með bréfi lögmanns stefnanda [þ. e. rúmu ári eftir að bú Byggingariðjunnar hf. var tekið til gjaldþrotaskipta. – Innskot dómara]. Hann kvað það alls ekki hafa getað dulist Lauri, að Byggingariðjan hf. var viðsemjandi hans og skuldunautur, en ekki stefndi persónulega.

Samkvæmt fram lögðum skjölum og framburði aðila og vitna var Nestjörn hf., kt. 490190-1209, húsbyggjandi fjölbýlishússins að Eiðismýri 22-28, Seltjarnarnesi. Stefndi er einn af stofnendum félagsins, og hefur hann verið í stjórn þess. Stefndi var og í stjórn Byggingariðjunnar hf., kt. 450169-6929, en stjórnarformaður félagsins frá 10. ágúst 1992. Bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 18. maí 1993. Af framburði vitna og stefnda má ráða, að Byggingariðjan hf. hafi staðið fyrir byggingu hússins að Eiðismýri 22-28 fyrir Nestjörn hf. Ekki nýtur í málinu gagna um, að stefndi hafi í eigin nafni verið verktaki að byggingu hússins utan þess samnings, sem hann undirritaði 4. október 1991 og liggur til grundvallar kröfu stefnanda. Á hinn bóginn hefur engum lögteiknum verið lýst um umboð stefnda til að skuldbinda Byggingariðjuna hf. við verksamninga um framkvæmdir að Eiðismýri 22-28 á sínum tíma. Og þar sem stefnandi hefur nú eindregið andmælt staðhæfingu stefnda um, að stefndi hafi samið við hann í umboði

Byggingariðjunnar hf., verður að reisa niðurstöðu þessa máls á því, að stefndi hafi með fyrirvaralausri nafnrítun sinni skuldbundið sig persónulega til að greiða stefnanda. Ekki skiptir máli í þessu sambandi skylda stefnanda samkvæmt bókhalds- og skattareglum að geta nafns og kennitölu verkaupa á sölureikningum. Þá þykir stefnandi ekki hafa sýnt slíkt tómlæti að innheimta greiðslur fyrir verkið, að krafan hafi fallið niður.

Samkvæmt framangreindu og þar sem stefndi hefur ekki andmælt kröfu stefnda tölulega, sem og er í samræmi við fram lögð gögn, verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda stefnufjárhæð og vexti, eins og í dómsorði greinir.

Rétt er, að stefndi greiði stefnanda 90.000 krónur í málskostnað, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Páll Friðriksson, greiði stefnanda, Málurum sf., 7.203.148 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. síðari breytingar, af 3.468.265 kr. frá 21. 3. 1992 til 30. 5. 1992, af 5.019.011 kr. frá þeim degi til 30. 7. 1992, af 5.888.922 kr. frá þeim degi til 1. 10. 1992, af 6.310.132 kr. frá þeim degi til 9. 11. 1992, af 7.190.364 kr. frá þeim degi til 30. 1. 1993 og af 7.203.148 kr. frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum innborgunum: 6. 3. 1992 1.000.000 kr., 10. 3. 1992 1.241.791 kr., 1. 4. 1992 1.226.474 kr., 10. 4. 1992 781.786 kr., 10. 5. 1992 500.000 kr., 16. 6. 1992 268.960 kr., 26. 6. 1992 869.911 kr., 8. 10. 1992 200.000 kr., 20. 10. 1992 300.000 kr., 16. 11. 1992 250.000 kr. og 6. 12. 1992 250.000 kr.

Stefndi greiði stefnanda 90.000 krónur í málskostnað.
